



Vatnsföll við innanverðan Reyðarfjörð

Þórólfur H. Hafstað

Greinargerð þHH-80/07

VATNSFÖLL VIÐ INNANVERÐAN REYÐARFJÖRÐ

Renñslismælingar hafa lítið verið stundaðar í vatnsföllum við innanverðan Reyðarfjörð. Búðará er virkjuð, og í henni er vatnshæðarkvarði (vhm 139), en engar samfelldar mælingar hafa þar farið fram. Einstakar rennslismælingar liggja heldur ekki fyrir. Má því ljóst vera að lítið er hægt að segja með öryggi um rennsli og rennslisveiflur áんな þar. Það sem hér verður sagt er því með öllum hugsanlegum fyrirvörum um að hafa skuli það sem sannara reynist.

Í töflu 1 eru nefndar aðalár sem falla í Reyðarfjarðarbotn og helstu þverár þeirra. Allt eru þetta dragár og eru rennslissveiflur miklar. Vatnasvið þeirra er í fjöllunum inn af firðinum (sbr. mynd) og sem næst í hálfhring umhverfis undirlendið við fjarðarbotninn. Aðalvatnsföllin eru stutt en þverár margar. Úrkomuvatn á því tiltölulega skamma leið fyrir höndum er það fellur á umrædd vatnasvið. Afrennsli smárra vatnasviða er yfirleitt mun meiri sveiflum undirorpíð en þeirra sem stærri eru. Mikil úrkoma eða snöggir blotar koma strax fram sem mikil en skammvinn flóð. Verður þá margur lækurinn út með Reyðarfirði að skaðræðisfljóti, þó hann í annan tíma sé svo til vatnslaus.

TAFLA 1

Ár, sem falla í innanverðan Reyðarfjörð

Aðalár:	Vatnasvið Lengd	þverár aðalánna
Sléttá	104 km ² 3+8 km	Stuðlaá Stórilækur Hjálpleysuá Neðri Hrútá Efri Hrútá
Norðurá	25 km ² 11 km	Geithúsaá Njörvadalsá
Búðará	22 km ² 8 km	

Til þess að fá einhverja hugmynd um rennslishætti Reyðarfjarðaránna verður að gera samanburð við nálægar ár sem mældar hafa verið. Samfelldar rennslismælingar hafa farið fram í Breiðdalsá, Fjarðará, Eyvindará og Grímsá. Hér er valið að taka mið af rennsli Eyvindarár þó svo rennslishættir hennar séu ekki fullkomlega sambærilegir. Má þar til nefna, að vatnasvið hennar er töluvert stærra en Reyðarfjarðará (193 km²) og það liggur e.t.v. að nokkru leyti í úrkomuskugga þar sem há fjöll skilja það frá hafi. Þá er að geta þess að Eyvindará mun hafa minni háttar lindáreinkenni þó dragá sé vegna töluvert útbreiddra lausra jarðлага sem tefja fyrir afrennsli úrkomunnar. Hins vegar liggja vatnasvið allra höfuðánna fyrir botni Reyðarfjarðar að vatnasi Eyvindarár. Rennslishættir hennar gefa væntanlega grófa mynd af afrennsli af flatareiningu, en búast má við að sveiflur séu heldur meiri í Reyðarfirði en fram kemur í tölum um rennsli Eyvindarár.

Samkvæmt afrennsliskorti Sigurjóns Rist ('56) má ætla að afrennsli af ferkílómetra sé að jafnaði 60-80 l/s í Reyðarfirði. Mælingar í Eyvindarár hófust 1953 og samkvæmt þeim er afrennsli á vatnasviði hennar jafnaðarlega um 60 l/s/km². Minnst hefur afrennslið mælst 1,7 l/s/km² en mest hvorki meira né minna en 3337 l/s km². Þetta afrennsli, sem er hið mesta sem mælst hefur í íslenskri á varð 1967. Ef þessar tölur eru yfirfærðar á vatnasvið ánnar í Reyðarfirði, ætti rennsli þeirra að geta orðið með þeim hætti sem sýnt er í töflu 2.

TAFLA 2

Rennsli áa, sem falla í Reyðarfjarðarbotn

	meðalrennsli Q ⁹⁵	mest	minnst
Sléttuá	6,2 m ³ /s	1,6 m ³ /s	347 m ³ /s
Norðurá	1,5 m ³ /s	0,2 m ³ /s	83 m ³ /s
Búðará	1,3 m ³ /s	0,18 m ³ /s	73 m ³ /s

Á Austurlandi mælist í flóðum mest afrennsli af flatareiningu á landinu. Flóðið í Eyvindarár 1967 er sem fyrr segir mest mældra flóða, en dæmi munu um að afrennsli hafi orðið yfir 5000 l/s á km² á smáum vatnasviðum.


Eyvindará er vatnsmest í mai- júní- og júlí mánuðum. Á þessu tíma-bili er afrennsli af km^2 af jafnaði 153 l/s. Mestu árlegu flóð-toppar árinna eru oftast milli 300-3000 l/s/ km^2 en árlegar af-rennslislægðri $2-9 \text{ l/s}/\text{km}^2$. Afrennsli af vatnasviðinu er yfir 8,4 $\text{l/s}/\text{km}^2$ í 95% af því tímabili, sem mælingar hafa farið fram.

(Q⁹⁵ í töflu 2) Ef reynt er að framreikna tíðni og stærð rennslis-toppa og lægða kemur í ljós að búast má við flóðum sem jafngilda 6000 $\text{l/s}/\text{km}^2$ einu sinni á öld og jafnoft kemst afrennslið niður í $1 \text{ l/s}/\text{km}^2$. Séu þessar tölur yfirfærðar á vatnasvið Sléttuár má halda því fram að á 100 árum verði flóðrennssi hennar einhvern tíma allt að 600 m^3/sek og við minnsta rennssi verði hún um 100 l/sek. Þó nákvæmni spádóma sem þessara sé ekki fullkominn, veita þeir þó innsýn í hvers er að vænta.

Rétt er að benda á, að fyrir botni Reyðarfjarðar eru mjög viðáttumikil ármalarlög. Ekki er annað vitað, en auðvelt sé að vinna úr þeim jarðvatn úr brunnum eða borholum. Þetta vatn er að sjálfsögðu ætlað úr þeim ám, sem um sléttuna renna, en malarlögin ættu að geta tryggt sәmilega stöðugt vatnsnám og vatnsgætði yrðu betri heldur en ef vatn væri tekið beint úr ánum.

Vonast er til að talnaleikur þessi geti orðið að nokkru gagni. Ef óskað er frekari upplýsinga sem jarðkönnunardeild getur gefið, munu þær fúslega veittar.

Þórólfur H. Hafstað



ORKUSTOFNUN

Vatnsvið þeirra áa, sem falla til
Austfjarða frá Kögri til Krossaness

AFRENNNSLI AF KM² S.KV.

RENNSLISMÆLINGUM I EYVINDARA'

